



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Garðabær
Gunnar Einarsson, bæjarstjóri
Garðatorgi 7
210 Garðabær

Bæjarskrifstofur Garðabæjar	
Mótt.dags.	02.04.19
Málalýkill	0064
Mál nr.	171130

Reykjavík 27. mars 2019
Tilv. 1903130/2.6.2

Efni: Tilmæli vegna skjalavörslu og skjalastjórnar sveitarstjórnarskrifstofunnar - Garðabær

Í nóvember 2017 gerði Þjóðskjalasafn Íslands rafræna könnun á skjalavörslu og skjalastjórn sveitarstjórnarskrifstofa sem eru afhendingarskyldar til Þjóðskjalasafns Íslands. Markmið könnunarinnar var að afla upplýsinga um stöðu skjalavörslu sveitarstjórnarskrifstofanna til að styrkja ráðgjöf, þjónustu og eftirlit Þjóðskjalasafns og kanna hvernig þær uppfylla þau lög og reglur sem skjalavörslu og skjalastjórn afhendingarskyldra aðila eru settar.

Úr svörum þinnar sveitarstjórnarskrifstofu má lesa að huga þarf betur að skjalavörslu og skjalastjórn. Í svörunum komu fram eftirfarandi atriði sem er ábótavant varðandi skjalavörslu og skjalastjórn:

- Málalýkill er til fyrir málafsn sveitarstjórnarskrifstofunnar en hann er ekki samþykktur. Um málalýkla afhendingarskyldra aðila gilda reglur nr. 572/2015 og ber að fá þá samþykkt af Þjóðskjalasafni áður en þeir eru teknir í notkun.
- Ekki er notuð skjalavistunaráætlun yfir skjalasafn sveitarstjórnarskrifstofunnar. Um skjalavistunaráætlanir afhendingarskyldra aðila gilda reglur nr. 571/2015 um skjalavistunaráætlanir afhendingarskyldra aðila þar sem kveðið er á um skylduna að nota slíka áætlun og fá hana samþykkt af Þjóðskjalasafni Íslands.
- Rafrænt skjalavörslukerfi hefur ekki verið tilkynnt til Þjóðskjalasafns Íslands í samræmi við reglur nr. 624/2010 um tilkynningu og samþykkt rafrænna skjalavörslukerfa afhendingarskyldra aðila.
- Gagnagrunnar í notkun hjá sveitarstjórnarskrifstofunni hafa ekki verið tilkynntir til Þjóðskjalasafns Íslands í samræmi við reglur nr. 625/2010 um tilkynningu rafrænna skráa og gagnagrunna afhendingarskyldra aðila.

Deim tilmælum er beint til sveitarstjórnarskrifstofunnar að bæta úr þessum málum og eru skjalaverðir Þjóðskjalasafns Íslands tilbúnir að veita ráðgjöf og leiðbeiningar við úrlausn verkefnanna. Hægt er að hafa samband í síma 590-3300 eða á netfangið skjalavarsla@skjalasafn.is.

Vert er að benda á það að næst verður eftirlitskönnun með skjalavörslu og skjalastjórn sveitarstjórnarskrifstofa framkvæmd árið 2021 en á áætlun er að þær séu gerðar á fjögurra ára fresti.

Virðingarfyllt,

Njördur Sigurðsson

sviðsstjóri upplýsinga- og skjalasvið